



Blábankinn

- Erindi til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

Pingeyri, 30. september 2019

Fyrir hönd Blábankans er óskað eftir því að bæjarráð Ísafjarðarbæjar fjalli um eftirfarandi erindi.

Blábankinn á Pingeyri fagnar um þessar mundir tveggja ára starfsafmæli sínu. Með nokkru sanni má segja að árangur af verkefninu sé eftirtektarverður og að niðurstöður af þeirri tilraun, sem rekstur fyrstu tveggja árunna hefur verið, séu afar jákvæðar ef litið er til samfélagslegra áhrifa fyrir Pingeyri og Ísafjarðarbæ í heild (sjá nánari útlitun síðar í þessu skjali).

En betur má ef duga skal og framundan eru áætlaðar nokkrar breytingar á áherslum í starfsemi og rekstri Blábankans. Því er á þessum tímapunkti leitað til stofn- og samstarfsaðila Blábankans í þeirri von að tryggja megi fjárhagslegan grundvöll þeirra breytinga sem stjórn félagsins þykir mikilvægt að ráðast í til að tryggja frekari framgang verkefnisins og framþróun til næstu ára.

Styrkumsókn til Ísafjarðarbæjar

Rekstur Blábankans með óbreyttu sniði hefur verið tryggður næstu sex mánuði með fjárframlögum frá áðurgerðum samningum við styrktar- og samstarfsaðila, m.a. með þjónustusamningi við Ísafjarðarbæ og styrktarsamningi við Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti. Auk þessa eru í félaginu til fjármunir sem nota má í hefðbundinn rekstur næstu mánuði.

Stjórn félagsins vinnur nú að fjármögnun á hefðbundinni og óbreyttri starfsemi Blábankans á sama tíma og unnið er að langtímastefnumörkun og uppbyggingu Blábankans og um leið langtímafjármögnun.

Eftir samræður við núverandi og mögulega samstarfsaðila hefur verið ákveðið að gera tilraun til að blása til nokkurrar sóknar og breytinga á rekstri Blábankans og nýta þannig enn frekar þann frábæra árangur sem náðst hefur og þá fjárfestingu sem ráðist hefur verið í á síðustu tveimur árum.

Mikilvægasta skal telja þá breytingu að áætlað er að auka við starfsmannafjölda og ráða til verkefnisins verkefnastjóra/framkvæmdastjóra í hálfu stöðu. Viðkomandi er ætlað að starfa náið með núverandi forstöðumönnum og leiða jafnframt þá breytingavinnu, stefnumörkun og áætlanir um langtímafjármögnun sem framundan eru auk þess að leita leiða til að auka aðkomu einkafyrirtækja og mögulegra þjónustustofnana að Blábankanum. Með þessu er ekki síður verið að gera núverandi starfsfólki kleift að einbeita sér að áframhaldandi uppbyggingu á verkefnum Blábankans á sviði nýsköpunar, samvinnurýmis og viðburða í því skyni að færa

Blábankann enn nær upprunalegu markmiði um að laða til Þingeyrar og í Blábankann enn meira af skapandi og drífandi fólki.

Með umsókn um styrk frá Ísafjarðarbæ er óskað eftir styrktarfjárhæð sem ætlað er að standa straum af helmingi þess kostnaðar sem hlýst af því að raða til félagsins starfsmann í hálfu stöðu til eins árs að minnsta kosti. Í samræmi við það er óskað er eftir styrk að fjárhæð 3.5 milljónir.

Vonast er til að ekki aðeins verði Ísafjarðarbær tilbúinn til að veita Blábankanum umbeðinn styrk fyrir árið 2020 heldur einnig að að skoða aðkomu bæjarins að þessum lið í kostnaði við rekstri bankans til næstu ára.

Leitað verður til annarra samstarfsaðila með frekari fjármögnun á umræddum breytingum og þeirri uppbyggingu sem áformuð er.

Með vegsemd og virðingu,

F.h. stjórnar Blábankans

Helena Jónsdóttir
helena@vestinvest.is
s. 661 7808

Samfélagslegt gildi Blábankans

Eins og sjá má í skýrslu Blábankans sem gefin var út eftir eins árs starf (skýrsla gefin út þann 20. september 2018, sjá link fyrir neðan) koma samfélagsleg áhrif bankans sem samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar glögglega í ljós. Þegar litið er til fjölda viðburða, vinnustofa, gesta og samninga um samstarf og þjónustu er óhætt að segja að Blábankinn og sú starfsemi sem í honum fer fram sé kærkomin viðbót við lífið á Þingeyri og geti verið öðrum sveitarfélögum í sömu stöðu fyrirmynd. Auk þessa er vert að minnast á að í október mun skýrsla um annað starfsár Blábankans mun líta dagsins ljós og nú þegar er ljóst að mælikvarðar á árangur verða enn jákvæðari en sjá má í þeirri skýrslu sem hér er birt.

<http://2018.blabankinn.is/>

Á fyrstu 12 mánuðum Blábankans nýttu um 70 manns frumkvöðlasetrið og samvinnurýmið og unnu þar um 900 vinnudaga (utan þeirra sem unnir voru fyrir Blábankann beint). Margir af þeim sem komu og dvöldu á Þingeyri tóku virkan þátt í samfélaginu, héldu m.a. fyrirlestra og tóku þátt í hugmyndavinnu um þróun á félaginu og á svæðinu.

Nærri 90 viðburðir voru á fyrstu 12 mánuðum haldnir með yfir 1300 þátttakendum, bæði heimamönnum og aðkomufólki. Blábankinn tók á fyrstu 12 mánuðunum þátt í 8 þróunar- og nýsköpunarverkefnum auk þess að hafa 20 sinnum veitt minniháttar

aðstoð við atvinnuþróun, s.s. við umsóknargerð og markaðssetningu. Síðast en ekki síst hefur þjónusta við íbúa Þingeyrar hafði aukist verulega með samningum sem Blábankinn hefur gert við opinberar stofnanir og þjónustustofnanir ýmskonar en eitt af markmiðum Blábankans er að bæta þjónustu opinberra og einkaaðila á Þingeyri í þágu íbúanna.

Stórt hlutfall þeirra fréttu sem fluttar hafa verið undanfarin ár frá Þingeyri í miðlum á landsvísu hafa verið frá neikvæðum atburðum eða þróun. Eitt af markmiðum Blábankans er að byggja upp ímynd hans, og á sama tíma ímynd Þingeyrar, með það fyrir augum að gera þorpið aðlaðandi fyrir utanaðkomandi að heimsækja og mögulega dvelja til lengri tíma á sama tíma. Auk þessa er markmiðið að styrkja og blása lífi í hugmyndir íbúa og ekki síst ungs fólks um ágæti sinna heimaslóða og stuðla þannig að því að ungir Þingeyringar flytji aftur heim að námi eða starfi utan Þingeyrar loknu.

Frá byrjun starfseminnar hefur Blábankinn staðið fyrir afar öflugri kynningar- og ímyndarstarfsemi á samfélagsmiðlum með facebook síðu, umræðuhópum, Instagram og vefsíðu og birt reglulega greinar, fréttir og annað efni frá Þingeyri og starfinu sem hefur vakið mikla athygli. Fjallað hefur verið a.m.k. einu sinni í mánuði og jafnvel oft um Blábankann í fjölmiðlum á landsvísu og hefur fréttuflutningur undantekningalaust verið jákvæður og afar hvetjandi. Flestar hafa fréttirnar lagt áherslu á samfélagslega uppbyggingu, nýsköpun og framtíðarmöguleika sem rekja má til starfsemi Blábankans á Þingeyri.

Verkefni sem þegar hafa verið unnin og eru komin í gang:

Þjónustumiðstöð: Rýmið hýsir atvinnu- og þjónustustarfsemi á borð við bankaþjónustu, þjónustu frá sveitarfélaginu auk fleiri aðila

Vinnustofur: starfsemi sem er skipulögð í tengslum við tiltekin viðfangsefni (s.s. tölvunámskeið, tungumálanámskeið) eða fyrir tiltekinn markhóp (fyrir börn)

Samvinnu- og fundarrými: vinnuaðstaða eða fundarherbergi sem leigja má í tiltekinn tíma (vanalega í daga, vikur eða meira)

Viðburðir: tækifæri til að hittast, læra af öðrum, rækta sig og vinna saman (t.d. vinnustofa listamanna, skapandi námskeið eða vinnustofur, hópefli)

Bókasafn 2020: nútímaleg útgáfa af bókasafni eða stað þar sem þekkingu er deilt. Sambland af hefðbundnu safni bóka og tölvum auk aðstoðar við nýtingu þeirra

Sérstök verkefni:

Nýsköpunarhraðall Blábankans var haldinn í annað sinn í september s.l. og tókst hraðallinn einkar vel að þessu sinni. Fjöldi samstarfsaðila og bakhjarla kom að verkefninu og margfalt fleiri umsóknir bárust en fjöldi plássu í boði. Nánari upplýsingar um verkefnið birtust á www.startupwestfjords.is.

Að frumkvæði Blábankans hafa fjórar afskekktar byggðir við norðurslóðir hafið með sér samstarf við að laða að sér störf án staðsetningar. Ört vaxandi hópur í heiminum í

dag skilgreinir sig sem stafræna flakkara (digital nomads) og vinnur úr fartölvu hvaðan sem er. Verkefnið er styrkt af hinu vestnorræna [NORA](#).

Í samvinnu við Westfjords Residency, Yasuaki Tanago og fleiri kom Blábankinn að því að hýsa og skipuleggja verkefnið Skapandi fólksfækkun. Verkefnið miðaði að því að læra af reynslu heimamanna í Kamiyama í Japan við að snúa vörn í sókn í byggðamálum.

Blábankinn og byggðaþróunarverkefnið Brothættar byggðir eiga með sér samstarf sem vonandi eykst enn frekar á næstu mánuðum og árum. Starfsmaður verkefnisins hefur vinnuaðstöðu í samvinnurými Blábankans og nýtur þess að vinna þar í samneyti við aðra sem nýta sér rýmið.

Síðast en ekki síst er vert að minnast á að Samtökin Future Food og FAO - Matvæla og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, stóðu í september s.l. fyrir loftslagsskóla þar sem sjónum var beint að matvælaframleiðslu tengdri hafinu. Skólinn er hluti af seríu sem haldin hefur verið í New York, Tókíó og nú á Þingeyri. Verkefninu var fenginn staður á Þingeyri eingöngu fyrir tilstuðlan Blábankans.

Blábankinn hlaut samfélagsverðlaun Byggðastofnunar [Landstólpann árið 2019](#). Í umsögn dómnefndar sagði meðal annars:

Blábankinn er einstaklega hvetjandi nýsköpunar- og samfélagsverkefni þar sem íbúarnir sjálfir höfðu frumkvæði af því að þróa og skipuleggja starfsemina með opinberum aðilum og þjónustuveitendum. Blábankinn rekur öfluga ímyndarherferð sem leggur áherslu annars vegar á fjölbreytni og gildi mannlífs og náttúru Dýrafjarðar og hins vegar á möguleika og framtíð staðarins.